

AUGLÝSING

um aðferð við útreikninga á orkugildi hunda- og kattamatar.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um aðferð við útreikninga á orkugildi hunda- og kattamatar með sérstök næringargildi í huga.

1. *Aðferð við útreikninga og framsetning orkugildis.*

Orkugildi sérfóðurs fyrir hunda og ketti skal reiknað út í samræmi við neðangreinda reikningsaðferð á grundvelli hundraðshluta tiltekinna næringarefna. Þetta gildi skal gefið upp í megajúlum (MJ) breytiorku (BO) á hvert kílógramm af fóðri sem hér segir:

a) hunda- og kattamatur, að undanskildum kattamat með vatnsinnihaldi sem er meira en 14%:

$MJ\ BO /kg = 0,1464 \times \% \text{ hráprótein} + 0,3556 \times \% \text{ hráfita} + 0,1464 \times \% \text{ N-laust extrakt}$

b) kattamatur með vatnsinnihaldi sem er meira en 14%:

$MJ\ BO /kg = (0,1632 \times \% \text{ hráprótein} + 0,3222 \times \% \text{ hráfita} + 0,1255 \times \% \text{ N-laust extrakt}) - 0,2092$

þar sem hundraðshluti N-lauss ekstrakts er reiknaður sem mismunurinn á 100 og summuni af hundraðshlutum vatns, hráösku, hrápróteins, hráfitu og hrátrénis.

2. *Vikmörk fyrir yfirlýst gildi.*

Ef í ljós kemur við opinbert eftirlit að munur er á niðurstöðum eftirlitsins og yfirlýsta orkugildinu (aukið eða minnkað orkugildi fóðursins) skal leyfa 15% vikmörk.

3. *Framsetning niðurstaðna.*

Niðurstöður, sem fást með því að nota ofangreinda reikningsaðferð, skulu gefnar með einum aukastaf.

4. *Sýnatöku- og greiningaraðferðir.*

Sýnataka úr fóðri og ákvörðun á innihaldi greiningarþátta sem eru tilgreindir í reikningsaðferðinni skulu eftir atvikum fara fram í samræmi við sýnatöku- og greiningaraðferðir í 11. viðauka um sýnatöku vegna úrtakseftirlits og 12. viðauka um greiningaraðferðir við efnafræðilegt eftirlit, reglugerðar nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru með síðari breytingum, reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri ásamt síðari breytingum, sbr. 1. tilvísun í 3. töflu um gæludýr í A. lið um fóðurblöndur í 13. viðauka um mörk fyrir mæld frávik við eftirlit og með stoð í tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 95/10/EB og 1999/78/EB. Auglýsingin tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. september 2001.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 690

20. september 2001